

65. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 24. apríl 2017 kl. 14:30 – 16:00
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir formaður, Halldór Grönvold, Birna Ólafsdóttir (í fjarveru Garðars Hilmarssonar), Jón Fannar Kolbeinsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Svanhildur Sverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Kristín Þóra Harðardóttir.

Boðuð forföll: Garðar Hilmarsson. Sveinn Aðalsteinsson frá FA

Frá FA: Björn Garðarsson.

Gestur: Ingunn H. Hauksdóttir, endurskoðandi hjá Ernst & Young

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Ársskýrsla og ársreikningur Fræðslusjóðs (fylgiskjöl 2a og 2b)

Ingunn H. Hauksdóttir, endurskoðandi hjá Ernst & Young kom á fundinn og fór yfir niðurstöður ársreiknings í fjarveru framkvæmdastjóra.

Drög að ársskýrslu kynnt.

Afgreiðsla: Ársreikningurinn var samþykktur á athugasemda. Stefnt að því að endanleg skýrsla verði tilbúin fyrir lok vikunnar og þá send stjórnarmönnum til yfirlestrar.

3. Innsend erindi

a. Beiðni um styrk til endurskoðunar gátlista (fylgiskjal 3)

IÐAN fræðslusetur óskar eftir viðbótarúthlutun til endurskoðunar á gát- og skimunarlistum í netagerð og múraraiðn. Samtals 200.000.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir nánari upplýsingum frá FA um hvenær núgildandi gát- og skimunarlistar voru endurskoðaðir síðast og hver þörfin væri fyrir endurskoðunina núna.

Samþykkt að í sambærilegum málum í framtíðinni liggja fyrir mat sérfræðinga FA á þörf á endurskoðun.

Verði samþykkt að veita fé til verkefna á öðrum tímum árs en við endurúthlutun, verði þær úthlutanir gerðar upp sem hluti af endurúthlutun í október, en tekið fram hvenær úthlutun fór fram.

Samþykkt að fresta afgreiðslu erindis IÐUNAR um endurskoðun gát- og matslista þar til upplýsingar liggja fyrir um aldur núgildandi lista og þörf á endurskoðun og í ljósi þess fari afgreiðsla fari fram með tölvupósti milli funda.

4. Önnur mál

- Næsti fundur 29. maí.

